

L Ö G

13

1. febr.

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra
embættis- og starfsmanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „almennri kosningu“ í þriðju málsg. 1. gr. laganna komi:
fiskimatsmanna og annara matsmanna, sem ekki taka laun úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

14

1. febr.

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
2. Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Hobbs, Josephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.

- 14 4. Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
 1. febr. 5. Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
 6. Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmíður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
 7. Ommundsson, Ole, verkamaður á Skagaströnd, fæddur í Noregi.
 8. Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
 9. Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku.
 10. Schneider, Anton, sápugetarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.
 11. Schröder, Johan, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
 12. Simson, Jens Kristian Martinus Pedersen, myndasmíður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
 13. Smith, Sverri Christiansen, loftskýtamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

15

1. febr.

L Ö G

um sameining Blönduóskaupþúns í eitt hreppsfélag.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þann hluta Blönduóskaupþúns, sem vaxið hefir upp norðan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kaupþúnsins norðan árinna úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef